



Fundur haldinn 5. Júlí 1939, um að stofna Byggingarfélag verkamanna

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Byggingarfélag Alþýðu – Fundur - Bráðabirgðalög

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1939, miðvikudaginn 5. júlí, kl. 8^{1/2} síðdegis var haldinn fundur í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík. Fundurinn var haldinn í því skyni að stofna byggingafélag verkamanna samkv. lögum nr. 3, 9. jan. 1935 og bráðabirgðalögum frá 27. maí 1939. Fundurinn hafði verið boðaður með auglýsingu í dagblöðum bæjarins.

Guðm. I. Guðmundsson, hrm., setti fundinn, og kvaddi til fundarritara Ingimar Jónsson. Því næst lagði hann fram 1 eintak af hverju þessara blaða: Alþýðublaðinu, Morgunblaðinu og Vísi, öllum dags. 8. júlí með auglýsingum um fundinn. Því næst skýrði hann frá því, að hann hefði af ríkisstjórninni verið skipaður formaður í því byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík, sem rétt fengi, samkv. 1. frá 27. maí þ.á., til þess að fá lán úr byggingarsjóði. En með því að "Byggingafélag Alþýðu" hefir ekki fært samþyktir sínar til samræmis við bráðabirgðalögin frá 27. maí, hefði hann haft forgöngu um stofnun nýs félags, er uppfyllti skilyrði gildandi laga.

Þá skýrði félagsmálaráðherra Stefán Jón. Stefánsson frá tilgangi byggingafélags verkamanna og starfi svo og undirbúningi, sem gerður hefir verið undir stofnun hins nýja félags. Eftir stuttar umræður kom fram svohljóðandi tillaga:

"Stofnfundur haldinn í Reykjavík 5. júlí 1939 í þeim tilgangi að stofna byggingafélag verkamanna samþykkir hér með að stofna félag er fullnægi ákvæðum laga nr. 3 frá 9. janúar 1935 um verkamannabústaði sbr. og bráðabirgðalög frá 27. maí 1939 í þeim tilgangi að koma upp verkamannabústöðum í Reykjavík."

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Þá lagði Guðm. I. Guðmundsson fram frv. að samþyktum fyrir félagið.

Eftir nokkrar umræður var gengið til atkvæða um samþyktirnar. Atkvæðagreiðsla féll þannig:

1. gr. samþ. í e. hlj.
2. - - - - -
3. - - - - -
4. - - - - -

5.	gr.	samb.	í e.	hlj.
6.	-	-	-	-
7.	-	-	-	-
8.	-	-	-	-
9.	-	-	-	-
10.	-	-	-	-
11.	-	-	-	-
12.	-	-	-	-
13.	-	-	-	-
14.	-	-	-	-
15.	-	-	-	-
16.	-	-	-	-
17.	-	-	-	-
18.	-	-	-	-
19.	-	-	-	-
20.	-	-	-	-
21.	-	-	-	-
22.	-	-	-	-
23.	-	-	-	-

Frumv. í heild samb. í einu hljóði.

Þá var gengið til stjórnarkosningar.

Samkv. 14.gr. samþykta skal kjósa 4 menn hlutbundinni kosningu og 4 til vara, en formaður er skipaður af ríkisstjórninni.

Fram kom að eins einn listi með þessum nöfnum:

1. Bjarni Stefánsson, Skeggjagötu 13
2. Magnús Þorsteinsson, Freyjugötu 40
3. Grímur Bjarnason, Barónsstíg 33
4. Oddur Sigurðsson, Laugaveg 30 A
5. Þórður Gíslason, Lokastíg 4
6. Georg Þorsteinsson, Eiríksgötu 2
7. Jóhann Eiríksson, Bergst. 33
8. Marteinn Þ. Gíslason, Ljósvallag. 12.

Formaður lýsti því 4 hina fyrstu réttkjörna sem aðalmenn í stjórn og 4 hina síðari sem varamenn.

Endurskoðendur voru kosnir:

Bernhard Arnar, Smáragötu 12 og

Jón Guðmundsson, tollþjónn, Sólvallag. 33

og til vara:

Þorvaldur Sigurðsson, Fjólugötu 23 og

Magnús Þorláksson, símam., Hrbr. 132.

Þá kom fram svohljóðandi tillaga:

"Stjórn félagsins er heimilt að svo miklu leyti sem hún telur heppilegt og við verður komið að láta meðlimi Byggingafélags Alþýðu í Reykjavík njóta sömu réttinda í félaginu og þeir höfðu í Byggingafélagi Alþýðu."

Tillagan var feld með 57 atkv. gegn 26.

Á fundi voru mættir 150 manns, en nokkrir fleiri höfðu skrifað sig á lista sem stofnendur.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Guðm. Guðmundsson

/ Ingimar Jónsson.